

Ed.

500. Frumvarp til laga

[236. mál]

um Rannsóknastofnun fiskræktar.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Stefán Jónsson.

1. gr.

Rannsóknastofnun fiskræktar er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir landbúnaðarráðuneytið.

2. gr.

Í stjórn Rannsóknastofnunar fiskræktar skulu vera fimm menn, skipaðir af landbúnaðarráðherra til fjögurra ára í senn, þannig: veiðimálastjóri, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands íslenskra veiðiréttareigenda, einn samkvæmt tilnefningu stjórnar Hafrannsóknastofnunarinnar, og skal hann vera líffræðingur, einn samkvæmt tilnefningu sérfræðinga, sem við stofnunina starfa, og einn samkvæmt tilnefningu Félags áhugamanna um fiskeldi og fiskrækt. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður þóknun hennar.

3. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn stofnunarinnar og samþykkir starfsáætlun og fjárhagsáætlun hennar fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal send ráðherra til staðfestingar.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður forstjóra til fjögurra ára í senn. Sé forstjóri ekki endurráðinn, skal honum tiltæk staða deildarstjóra við stofnunina, óski hann þess. Stjórnin ræður, í samráði við forstjóra, sérfræðinga og aðra tæknimenntaða starfsmenn við stofnunina. Forstjóri stofnunarinnar ræður annað starfslið hennar.

5. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn stofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs. Forstjóri og annað starfslið tekur laun samkvæmt gildandi kjarasamningum ríkisstarfsmanna á hverjum tíma.

6. gr.

Verkefni Rannsóknastofnunar fiskræktar skulu vera hvers konar rannsóknir og tilraunir til þess að auka fiskgengd og fiskmagn í íslenskum vötnum og stuðla að aukinni fiskrækt í landinu. Í því skyni skal stofnunin m. a.:

- 1) annast rannsóknir á íslenskum vötnum og sjávarlönunum í því skyni að afla sem ýtarlegastra upplýsinga um lífsskilyrði fisks,
- 2) gera tilraunir til þess að bæta lífsskilyrði í íslenskum vötnum og sjávarlönunum,
- 3) annast rannsóknir og tilraunir með klak og eldisfisk og fiskræktun í eldisstöðvum,
- 4) gera tilraunir með eldi og dreifingu á göngufiski,
- 5) veita fræðslu um meðferð klaks og um fiskeldi, eftir því sem við verður komið.

7. gr.

Klak- og eldisstöðvar ríkisins skulu vera í umsjón og rekstri stofnunarinnar.

8. gr.

Klak- og eldisstöðvum ríkisins er heimilt, að fengnu leyfi ráðherra, að afla stofnfisks til klaks í hvaða veiðivatni sem er, enda séu svo mörg seiði sett í vatn í staðinn, að því sé, að dómi veiðimálastjóra, að fullu bættur skaðinn.

9. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru sem hér segir:

- 1) Fé, sem veitt er til starfseminnar á fjárlögum.
- 2) Tekjur af sölu seiða úr klak- og eldisstöðvum, sem stofnunin rekur, þó fyrst og fremst í rannsóknaskyni.
- 3) Tekjur af sölu veiðikorta, en um þau skulu gilda eftirgreindar reglur:
Sérhver einstaklingur, sem kaupir leyfi til veiða í íslenzku vatni, skal áður hafa keypt veiðikort, sem gildir fyrir veiðitímann. Fyrir veiðikort skal greiða sem hér segir:
 - a. Íslenzkur ríkisborgari greiðir kr. 100.00 fyrir veiðikort, sem veitir heimild til veiði á silungi, en kr. 500.00 fyrir heimild til laxveiði.
 - b. Erlendur ríkisborgari greiðir kr. 500.00 fyrir veiðikort, sem veitir heimild til veiði á silungi, en kr. 5000.00 fyrir heimild til laxveiði.

10. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi þau ákvæði laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við lög þessi.

11. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur mjög aukizt skilningur manna á mikilvægi fiskeldis og fiskræktar, bæði sem atvinnugreinar og til þess að auka verulega veiði í ám og vötnum landsins. Hefur komið fram greinilegur skilningur löggjafans á nauðsyn þess að skipuleggja þessi mál með ýtarlegum lögum um lax- og silungsveiði, sem síðast voru endurskoðuð á Alþingi árið 1970.

Í lax- og silungsveiðilöggjöfinni eru ýtarleg ákvæði um veiðirétt, skrásetningu veiðivatna, merkingu veiðarfæra og veiðiskýrslur, um friðun göngusilungs og vatnasilungs, um veiðitæki og veiðiaðferðir, um fiskvegi og aðrar mannvirkjagerðir í veiðivötnum, veiðifélög, um fiskeldi, um stjórn veiðimála og eftirlit, um fiskræktar-sjóð og styrkveitingar til fiskræktar, skaðabætur, refsíákvæði og réttarfar o. fl. Hins vegar eru í lögum þessum hvergi nærri tæmandi ákvæði um nauðsynlega rannsóknastarfsemi og tilraunir á þessu sviði. Þessi mikli lagabálkur fjallar með öðrum orðum fyrst og fremst um lagaleg réttindi og skyldur veiðiréttareigenda og takmarkanir, sem löggjafanum hefur þótt nauðsynlegt að setja í þessu sambandi. Framkvæmd laganna og eftirlit er fyrst og fremst í höndum veiðimálastjóra og veiðimálanefndar.

Það litla, sem í fyrrgreindum lögum er fjallað um rannsóknastarfsemi, er ofið inn í þennan mikla lagabálg á þann máta, að sem algjört aukaatriði verður. Eins og eðlilegt er, hafa orðið miklar deilur um framkvæmd lax- og silungsveiðilaganna, enda snerta þau hagsmuni fjölmargra. Sá styr, sem um þau stendur og að öllum líkindum mun um þau standa, er að dómi flutningsmanna þessa frumvarps afar óæskilegur fyrir þá rannsóknastarfsemi, sem veiðimálastjóra er jafnframt falið að hafa yfirumsjón með. Rannsóknastarfsemin þarf að vera óháð slíkum hagsmunaaðökum.

Tilgangurinn með frumvarpi þessu er því tvíþættur: annars vegar að gera rannsóknastarfsemina sjálfstæða og óháða deilum um framkvæmd laga um lax- og silungsveiði og hins vegar að efla rannsóknastarfsemina verulega.

Það er á allra vitorði, að stórauka má fiskgengd og fiskmagn í íslenskum vötnum. Hefur þegar mikið áunnizt á því sviði. Hins vegar eru rannsóknaverkefni, sem á engan máta hefur verið unnt að sinna, fjölþætt og mikil. Enn hafa litlar sem engar rannsóknir verið gerðar á lifsskilyrðum fisks í íslenskum vötnum, en að sjálfsögðu verða slíkar athuganir að skapa þann grundvöll, sem nauðsynlegur er fyrir fiskeldi í náttúrlegum vötnum landsins. Því síður hafa verið gerðar tilraunir með að endurbæta slík lifsskilyrði. Afar litlar rannsóknir og tilraunir hafa verið gerðar með ræktun á sem beztum lax- og silungsstofni, og þannig mætti lengi telja verkefni.

Með þessu er ekki verið að vanmeta það, sem gert hefur verið. Til dæmis hafa merkingar mjög færzt í vöxt og þannig verið aflað athyglisverðra upplýsinga. Sömu leiðis hefur mikið áunnizt með rekstri klak- og eldisstöðvar ríkisins í Kollafirði. Staðreyndin er þó sú, að rekstur þeirrar stöðvar hefur um of einkennzt af öflun tekna til þess að standa undir gifurlegum stofnkostnaði, fremur en af óháðri rannsóknastarfsemi. Á þessu þarf að verða breyting. Stofnkostnað stöðvarinnar verður að afskrifa í eitt skipti fyrir öll, og stöðina ber að starfrækja með rannsóknir og tilraunir að markmiði og ekkert annað.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir stofnun, sem sé með svipuðu sniði og aðrar rannsóknastofnanir hins opinbera í þágu atvinnuveganna. Gert er ráð fyrir því, að stofnunin heyri undir landbúnaðarráðuneytið, enda er í þessu sambandi mjög um hagsmunum bænda að ræða og framkvæmd lax- og silungsveiðilöggjafarinnar er í höndum þess.

Leitazt er við að fá í stjórn stofnunarinnar menn tilnefnda af þeim aðilum, sem hagsmunum eiga að gæta eða ætla má að geti lagt fram mikilvæga þekkingu og reynslu. Sérstaklega er lögð áherzla á, að veiðimálastjóri sitji í stjórn stofnunarinnar.

Gert er ráð fyrir því, að forstjóri sé ráðinn af stjórn stofnunarinnar til fjögurra ára í senn. Er með þessu farið út á nokkuð nýja braut. Það er skoðun flutningsmanna, að fastráðning í slíka stöðu sé vafasöm og leiði iðulega til stöðnunar. Hins vegar er að sjálfsögðu frjálst að endurráða forstjóra, og rétt er að tryggja forstjóra t. d. deildarstjórastöðu við stofnunina, sé hann ekki endurráðinn og óski hann þess.

Sjálfsagt þykir, að stofnunin taki við rekstri klak- og eldisstöðvar ríkisins í Kollafirði og annarra slíkra stöðva, sem ríkið kemur á fót. Þær eiga að vera grundvöllurinn að þeirri rannsóknastarfsemi á sviði klaks og fiskeldis, sem efla verður stórlega á næstu árum.

Verkefni stofnunarinnar eru talin hver þau, sem stuðla að aukinni þekkingu á sviði klaks, fiskeldis og fiskræktar almennt. Ekki er talið nauðsynlegt að telja þau upp í einstökum atriðum, enda viðtæk og margþætt.

Í þessu sambandi verður aldrei lögð of rík áherzla á, að rannsóknastofnunin sé óháð öllu eftirliti með framkvæmd laga um lax- og silungsveiði.

Flutningsmenn hafa talið rétt að takmarka verksvið stofnunarinnar við lax og silung. Það svið er vel þekkt og þróað. Hins vegar var ekki talið fært að fela stofnuninni rannsóknir á eldi á sjávarfiskum í sjó. Það svið er enn mjög á byrjunarstigi og er meðal verkefna Hafrannsóknastofnunarinnar, þar sem það á vel heima. Hins vegar er gott samstarf á milli þessara stofnana sjálfsagt, og er í því skyni lagt til, að Hafrannsóknastofnunin tilnefni mann í stjórn Rannsóknastofnunar fiskræktar.

Í sambandi við tekjur stofnunarinnar er að einu leyti farið inn á nýja braut. Gert er ráð fyrir því, að tekin verði upp sala á veiðikortum og sé hverjum veiðimanni skylt að hafa undir höndum slíkt kort, ef hann hyggst kaupa veiðileyfi í íslenskum vötnum. Er þar fylgt algengu fordæmi erlendis. Eðlilegt þykir, að gjald fyrir veiðikort sé verulega hærra fyrir erlenda ríkisborgara en íslenska. Er í þessu sambandi fylgt algengri reglu erlendis, t. d. í Bandaríkjunum, enda er slíkt rökrétt og eðlilegt, þegar þess er gætt, að íslenskir ríkisborgarar hafa þegar greitt kostnað við fjölmargar framkvæmdir tengdar veiðimálum, eins og t. d. framkvæmd lax- og silungsveiðilöggjafarinnar, rekstur klak- og eldisstöðvarinnar í Kollafirði, svo að

ekki séu taldar almennar framkvæmdir í landinu, eins og vegagerð, rafvæðing, lagning síma og fjölmargt fleira, sem allt stuðlar að því að gera veiðivötnin nothæf. Þessa njóta erlendir ríkisborgarar ekki síður en innlendir. Er því full ástæða til þess að skattleggja þá lítillega umfram innlenda.

Lauslega er áætlað, að tekjur af sölu veiðikorta geti numið um 5—6 millj. kr.

Ef frv. þetta verður að lögum, er nauðsynlegt að breyta ýmsum ákvæðum lax- og silungsveiðilöggjafarinnar, eins og t. d. að fella niður 63. gr. þeirra laga, 64. gr., b-lið 87. gr. og ef til vill að breyta fleiri atriðum við nánari athugun. Mikilvægast er þó, að framkvæmd lax- og silungsveiðilöggjafarinnar og þessara laga, ef frv. verður samþykkt, verði vel samræmd. Er þess vænt, að svo verði með sameiginlegri yfirlitstjórn í landbúnaðarráðuneyti.

Mörgum er nú orðið ljóst, að fiskeldi og fiskrækt geta orðið einn af meginatvinnuvegum þessarar þjóða. Við Íslendingar erum svo lánsamir að eiga gnægð af góðu og hreinu vatni, bæði stöðuvötn á fjöllum og í byggð og fallvötn, þar sem eru víða hin ágætustu skilyrði til fiskeldis. Við eigum einnig mjög góða aðstöðu til rekstrar fiskeldisstöðva, bæði með köldu og volgu vatni. Þessi atvinnuvegur allur er enn þá á frumstigi. Tilgangurinn með þessu frv. er að skapa þann grundvöll með rannsóknnum og tilraunum, sem nauðsynlegur er, til þess að efla megi verulega þessa atvinnugrein.